



Norræna ráðherranefndin

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2011 – samantekt





Efnisyfirlit

- 5 **Verkefna- og fjárhagsáætlun 2011**
- 6 Heildarrámmi fjárhagsáætlunar og skipting fjárveitinga á fagsvið
- 8 Meginþættir fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011
- 8 Forgangsröðun ráðherraefndarinnar
- 15 Breytingar á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherraefndarinnar fyrir árið 2011
- 15 Breytingar
- 15 Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun fyrir árið 2011
- 16 Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna
- 17 Áætlað framlag frá löndunum
- 17 Staðan í verkefnaumsjón skrifstofu Norrænu ráðherraefndarinnar
- 18 **Þróun fjárhagsáætlana og lausafjárstöðu Norrænu ráðherraefndarinnar**
- 18 Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2005-2009
- 20 Þróun fjárhagsáætlana á tímabilinu 2001 – 2011
- 21 Þróun lausafjárstöðu
- 22 Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli viðkomandi lands
- 23 Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir alla liði fjárhagsáætlunarinnar
- 31 Fylgiskjal 3: Gengi gjaldmiðla og verðbólgustig 2011

Norræna ráðherranefndin
Verkefna- og fjárhagsáætlun 2011 – samantekt

ANP 2010:799

© Nordisk Ministerråd, København 2011

ISBN 978-92-893-2187-7

Prentun: Rosendahls Schultz Grafisk a/s, Albertslund

Upplag: 250

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu. Ritid má panta á www.norden.org/order. Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer



Printed in Denmark

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn K

Sími (+45) 3396 0200

Bréfasími (+45) 3396 0202

www.norden.org

Norðurlandaráð

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn K

Sími (+45) 3396 0400


Bréfasími (+45) 3311 1870

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð eiga aðild að samstarfinu, auk sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og hefur mikið vægi í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í sameiningu er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Norræna samstarfið miðar að því að efla hag og gildismat Norðurlanda í hnavæddum heimi. Sameiginleg gildi styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra landsvæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.



Verkefna- og fjárhagsáætlun 2011

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2011 liggur nú fyrir.

Fjárhagsáætlunin er samin samkvæmt verkreglum norrænu samstarfsráðherranna. Frá því sumarið 2007 hafa viðbrögð vegna hnattvæðingarinnar sett mark sitt á starf Norrænu ráðherranefndarinnar. Vegna hnattvæðingarverkefnanna hefur aukin áhersla verið lögð á viðfangsefni tengd hnattvæðingu í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og á það ekki einungis við um fjárveitingar vegna hnattvæðingar sem samstarfsráðherrarnir samræma og ráðstafa, heldur hafa þau einnig haft áhrif á starf fagráðherranefndanna og leitt til nánara þverfaglegs samstarfs þeirra.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 eru fjárveitingar til hnattvæðingarinnar hækkaðar og nema þær nú u.þ.b. 72 millj. DKK. Á fjórum árum hafa fjárveitingar til hnattvæðingar því aukist úr því að vera engar, í u.þ.b. 8 prósent af fjárhagsáætluninni. Þetta er til marks um sveigjanleika í norrænu fjárhagsáætluninni.

Þessar u.þ.b. 72 millj. DKK skiptast á milli hnattvæðingarverkefnanna sem þegar eru á fjárhagsáætlun. Talið er að fjármagn og umsýsla nýtist best með því að leggja áherslu á framhald/frekari þróun velheppnaðra verkefna sem þegar eru hafin. Þrátt fyrir stækkun fjárhagsrammans hefur þurft að forgangsraða verkefnum.

Forsætisráðherrarnir hafa kosið að leggja áherslu á „grænan hagvöxt“. Grænn hagvöxtur var þema hnattvæðingarþingsins árið 2010 sem tókst mjög vel og formennskuáætlun Finna um störf Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2011 gerir loftslagsmálin að meginþema. Á þeim grundvelli eru þessi svið sett í forgang ásamt verkefnum sem löndin styðja sérstaklega, verkefnum sem


geta aflað utanaðkomandi mótfamlaga og verkefnum sem eru þverfaglegs eðlis.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir aukningu sem nemur 3 millj. DKK til starfsemi vegna stjórnsýsluhindrana. Þessar 3 millj. DKK sem bætt er við þennan fjárlagalið eiga, ásamt núverandi fjármögnun frá löndunum að efla þetta starf.

Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun ársins hefur ekki haft áhrif á upphæðir á fjárlagaliðum en vegna samráðsins hefur textum vegna fjárlagaliða sem varða stjórnsýsluhindranir og óformlegt samstarf innan ramma formennskusjóðsins verið breytt svo þeir eru nú skýrari.

Ráðherranefndin telur að gerð fjárhagsáætlunar og aðkoma Norðurlandaráðs að ferlinu 2010 hafi tekist vel að mati beggja aðila. Norðurlandaráð leggur áherslu á gegnsæi í fjárhagsáætluninni, þannig að hægt sé að nota hana á virkan hátt þegar pólitískar áherslur breytast. Sama á við um ráðherranefndina sem vinnur stöðugt að því að auka gegnsæi í fjárhagsáætluninni. Til að gera skýrari greinarmun á verkefnum og annarri starfsemi hafa því verið gerðar breytingar á flokkun fjárlagaliðanna í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2011.

Kaupmannahöfn, 14. desember 2010


Halldór Ásgrímsson
framkvæmdastjóri



Heildarrammai fjárhagsáætlunar og skipting fjárveitinga á fagsvið

Samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt heildarramma fyrir árið 2011 sem nemur 934.716 þús. DKK á verðlagi ársins 2011 og er það óbreyttur rammi að raungildi miðað við árið 2010.

Rammann má skilgreina á eftirfarandi hátt:



HEILDARRAMMI 2011	
Á VERÐLAGI ÁRSINS 2011	
	Þús. DKK
Samþykktur fjárhagsrammi fyrir árið 2010 á verðlagi ársins 2010	899.247
Lækkun árið 2008 skv. 20% reglunni	-2.892
Framreiknað til verðlags ársins 2011	18.349
Framreiknað gengi	20.012
Samtals á verðlagi ársins 2011	934.716

Heildarramminn kemur fram með því að draga fjárveitingar sem féllu niður vegna 20% reglunnar árið 2008 (2.892 þús. DKK) frá ramma fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 sem nam 899.247 þús. DKK. Þessi upphæð var hluti af heildarramma fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 en var þó í rauninni ekki „nýtt“ fjármagn heldur fjármagn sem var flutt frá árinu 2008.

Hér þarf að bæta við áhrifum framreiknaðs verðlags og gengis samkvæmt þeim verðlagsstuðlum og gengi gjaldmiðla sem sjá má í fylgiskjali 3.

Vegna framreiknings verðlags í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 koma til verðbætur að upphæð 18.349 þús. DKK, sem svarar til um 2,0% framreiknings á verðlagi. Umreikningur á fjárveitingum til stofnananna í gjaldmiðli viðkomandi lands yfir í DKK hækkar fjárhagsáætlunina um 20.012 þús. DKK. Þetta er vegna hækkunar gengis SEK og NOK gagnvart DKK og því hækka fjárveitingar til stofnananna í DKK. Rétt er að árétta að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á stærð fjárhagsáætlunarinnar (og framlag landanna) eða á stærð fjárveitinga til stofnananna. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana yfir í DKK, en þær eru greiddar út í gjaldmiðli landsins þar sem stofnunin hefur aðsetur.¹⁾ Fjárveitingar til norrænu stofnananna í gjaldmiðli viðkomandi lands má sjá í fylgiskjali 1.

Á næstu blaðsíðu má sjá hvernig heildarramma fjárhagsáætlunarinnar skiptist á fjárhagsramma fagsviðanna fyrir árið 2011.

1) Gengissveiflur geta þó skipt máli fyrir stofnanir sem hafa útgjöld í öðrum gjaldmiðlum en aðseturslandsins.

**SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2011 OG 2010 Í ÞÚSUNDUM DKK**

	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2011	HLUT- DEILD	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2010	HLUT- DEILD	+/-	MISMUNUR %
Hnattvæðingarverkefni	72.420	7,7%	67.123	7,2%	5.297	7,9%
MR-K, MR-FJLS, MR-Ligestilling	212.128	22,7%	206.922	23,0%	5.206	2,5%
Menningarmál	166.751	17,8%	163.484	18,2%	3.267	2,0%
Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli	36.733	3,9%	35.335	3,8%	1.398	4,0%
Jafnréttismál	8.644	0,9%	8.103	0,9%	541	6,7%
MR-U, MR-S	265.383	28,4%	251.673	28,0%	13.710	5,4%
Menntun og rannsóknir	227.642	24,4%	215.686	24,0%	11.956	5,5%
Félags- og heilbrigðismál	37.741	4,0%	35.987	4,0%	1.754	4,9%
MR-NER, MR-Miljø, MR-A, MR-Finans	175.097	18,7%	165.549	18,4%	9.548	5,8%
Atvinnu-, orku- og byggðamál	116.272	12,4%	107.306	11,9%	8.966	8,4%
Umhverfismál	43.797	4,7%	43.372	4,8%	425	1,0%
Vinumarkaður og vinnuvernd	13.238	1,4%	13.098	1,5%	140	1,1%
Efnahags- og fjármál	1.790	0,2%	1.773	0,2%	17	1,0%
MR-Lov	1.368	0,1%	1.355	0,2%	13	1,0%
Löggjafarmál	1.368	0,1%	1.355	0,2%	13	1,0%
Samstarfsráðherrar	208.320	22,2%	206.625	22,9%	1.695	0,8%
Samstarf við grannsvæðin	93.215	10,0%	95.624	10,2%	-2.409	-2,5%
Skrifstofa ráðherranefndarinnar	77.119	8,3%	73.632	8,2%	3.487	4,7%
Önnur samnorræn starfsemi	37.986	4,1%	37.369	4,2%	617	1,7%
SAMTALS	934.716	100,0%	899.247	100,0%	35.469	3,9%

Skiptingu heildarramma á fjárlagaliðina í DKK má sjá í fylgiskjali 2.



Meginþættir fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011

Norræna ráðherranefndin er vettvangur formlegs samstarfs ríkisstjórna norrænu landanna. Starf ráðherranefndarinnar byggist á Helsingfors-samningnum, sem síðast var endurskoðaður árið 1995.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) bera ábyrgð á að samræma störf ráðherranefndarinnar. Samstarfið fer fram í tíu fagráðherranefndum.

Löndin skiptast á að fara með formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar eitt ár í senn og taka Finnar við formennsku af Dönum í upphafi ársins 2011.

Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar leggur tillögu að fjárhagsáætlun fyrir samstarfsráðherrana. Tillagan byggist á ramma fjárhagsáætlun sem samstarfsráðherrar samþykkja í febrúar og er það gert í nánú samráði við fagráðherranefndirnar. Tillaga samstarfsráðherranna að fjárhagsáætlun er samþykkt í september á grundvelli tillögu framkvæmdastjórans og umsagnarferlis í löndunum. Að höfðu samráði við Norðurlandaráð samþykkja samstarfsráðherrarnir endanlega fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 í október.

Á fundi í Punkaharju í Finnlandi sumarið 2007 lögðu forsætisráðherrar grunninn að nýrri markvissri skipan í norrænu samstarfi. Þessi skipan hefur síðan oft verið staðfest af norrænu forsætisráðherrunum og samstarfsráðherrunum. Á þeim grundvelli hefur verið komið á fót 21 hnattvæðingarverkefni, auk hnattvæðingarþings, sem öll þjóna megináherslum ráðherranefndarinnar. Flest verkefnanna eru til fleiri en eins árs og þónokkur eru starfandi árið 2011. Sumum verkefnanna er þó lokið og önnur hafa verið sameinuð. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 eru 72,420 millj. DKK (71 millj. DKK á verðlagi ársins 2010) ætlaðar til hnattvæðingarverkefna fyrir árið 2011.

Ástæða er til að nefna að í öllum köflum fjárhagsáætlunarinnar sem ekki fjalla um utanríkis- og efnahagsmál, á heitið norrænu löndin einnig við um sjálfstjórnarlöndin, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Hér fer á eftir lýsing á forgangsröðun einstakra fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2011.

Forgangsröðun ráðherranefndarinnar

Hnattvæðingarverkefninu var komið á fót af norrænu forsætisráðherrunum sumarið 2007 og það hefur síðan verið stefnumarkandi fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Hnattvæðingarverkefnið hefur átt drjúgan þátt í að gera starf ráðherranefndarinnar markvissara og hefur einnig leitt til nánara samstarfs hinna ólíku fagráðherranefnda. Hnattvæðingarverkefnið hefur einnig orðið til þess að sett voru fram norræn sjónarmið á grundvelli meginframtíðarsýnar forsætisráðherranna um „Möjligheternas Norden – svar på globaliseringens utmaningar“. Hnattvæðingarverkefnið hefur einnig vakið áhuga á vettvangi Evrópusambandsins, ekki síst í Eystrasaltsríkjunum, og annars staðar á alþjóðlegum vettvangi. Hnattvæðingarverkefnið hefur hlotið mikla athygli og átt þátt í að skapa veruleg mótframlög til viðbótar norrænu fjárhagsáætluninni.

Hnattvæðingarverkefnið er tæki til forgangsröðunar í starfi norrænu ráðherranefndarinnar sem er nauðsynlegt ef Norðurlöndin eiga í auknum mæli að takast á við áskoranir hnattvæðingarinnar í sameiningu. Við núverandi aðstæður í efnahagsmálum heimsins er meiri þörf fyrir pólitíska samstöðu á Norðurlöndum en nokkru sinni fyrr. Hnattvæðingarsamkeppni við vaxandi hagkerfi er mikil. Með því að efla sameiginlegar aðgerðir geta norrænu ríkisstjórnirnar meðal annars stutt viðleitni norrænna fyrirtækja til að stækka norrænan heimamarkað, auka þekkingarmiðlun og efla samkeppnishæfni Norðurlanda til lengri tíma liðið. Það er ekki síst á sviði grænnar tækni sem Norðurlöndin standa frammi fyrir miklum hnattvæðingarsamkeppnum og tækifærum. Margt af þessu á sér nú þegar stað innan ramma hnattvæðingarverkefnisins.

Til að styðja við aðgerðir forsætisráðherranna vegna hnattvæðingarinnar hafa nánast allar fagráðherranefndirnar þróað og borið ábyrgð á framkvæmd tiltekinna hnattvæðingarverkefna. Flest verkefnanna sem þegar er unnið að hófust á árinu 2008 og var ætlað að standa í þrjú ár.

Haustið 2009 samþykktu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) þó að á árinu 2010 skyldi fleiri hnattvæðingarverkefnum komið á fót. Í skýrslu samstarfsráðherranna til forsætisráðherranna um hnattvæðingarstarfið frá því í maí 2010 er gerð grein fyrir stöðu og árangri verkefnanna. Hnattvæðingarskýrsluna er að finna á www.norden.org/globalisering.

Fjárveiting MR-SAM vegna hnattvæðingarverkefna fyrir árið 2011 nemur 72,420 millj. DKK. Fjármagnið skiptist á milli hnattvæðingarverkefna sem þegar eru hafin og starfa áfram árið 2011. Með því að leggja áherslu á framhald/þróun verkefna sem eru hafin og ganga vel er álitnið að fjármagnið nýtist best. Í fjárhagsáætluninni hefur reynst nauðsynlegt að forgangsraða hnattvæðingarverkefnum. Fagráðherranefndirnar hafa tilkynnt hvaða hnattvæðingarverkefni þær telja að samstarfsráðherrarnir eigi að fjármagna áfram. Eins og áður hefur einkum verið

forgangsraðað á grundvelli „norræns notagildis“ verkefnanna í samræmi við markmið sem koma fram í fréttatilkynningunni frá Punkaharju, yfirlýsingu frá Riksgränsen, yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna um loftslagsmál frá júní 2009 og annarra yfirlýsinga forsætisráðherranna og samstarfsráðherranna. Við forgangsroðun hefur verið horft til áherslu forsætisráðherranna á „grænan hagvöxt“ (þema á hnattvæðingarþinginu 2010) og áherslu finnsku formennskuáætlunarinnar á loftslagsmál, auk verkefna sem fela í sér þverfaglegt samstarf, verkefna sem njóta sérstaks stuðnings í löndunum og einnig er tekið tillit til möguleika verkefnanna til að afla mótframlaga frá aðilum utan ráðherranefndarinnar.

Á töflunni á næstu blaðsíðu má sjá fjárveitingar til hnattvæðingarverkefna Norrænu ráðherranefndarinnar á tímabilinu 2008-2011.



HNATTVÆÐINGARVERKEFNI

	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2008-2009 ²⁾	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2010	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2011
1. Þing um viðbrögð vegna hnattvæðingar	8.236	4.068	3.876
2. Norrænar öndvegisrannsóknir (TFI)	40.996	7.119	0
3. Nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu	1.635	2.644	2.040
4. Norræn nýsköpunarverðlaun	1.332	0	0
5. Sameiginleg norræn kynning á orkumálum (EnergiExpo)	9.344	0	0
6. Heimssýningin í Sjanghæ 2010	2.564	2.543	0
7. Þátttaka Norðurlanda í samningum um loftslagsmál	9.128	0	0
8. Afnáam stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum	4.064	2.034	1.326
9. Þróun Norræna rannsókn- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA)	6.628	3.560	3.570
10. Áætlun um að efla æðri menntun á Norðurlöndum	17.288	2.034	6.120
11. Áætlun um fræðslu ungs fólks og fullorðinna	4.018	3.763	2.040
12. Athugun á áhrifum loftslagsbreytinga á náttúruauðlindir á Norðurlöndum	7.286	6.102	4.794
13. Samræming norræns raforkumarkaðar	400	0	0
14. Þróun og kynning á Norðurlöndum sem miðstöð skapandi atvinnugreina *	5.309	2.848	0
15. Norræn menning í heiminum	2.000	0	0
16. Menning og sköpunarkraftur * ¹⁾	0	5.075	7.140
17. Heilsa- og velferð ¹⁾	0	8.627	13.260
18. Rafræn vísindi (eScience) ¹⁾	0	7.105	8.772
19. Orku- og samgöngumál ** ¹⁾	0	7.765	11.832
20. Nordic perspectives on carbon market mechanisms (CDM/JI) ¹⁾	0	761	0
21. Loftslagsvænar byggingar ¹⁾	0	1.015	7.650
22. Samningar um kvikasilfur ¹⁾	0	4.060	0
Framlag til Íslands ***	3.312		
SAMTALS	123.540	71.123	72.420

Aths. Upphæðir fjárhagsáætlunar eru miðaðar við verðlag hvers árs í þús. DKK.

1) Verkefni sem á árinu 2010 fá fjármagn úr sameiginlegum hnattvæðingarsjóði sem nemur 30,408 millj. DKK, að viðbættum 4 millj. DKK sem eru yfirfært ónotað hnattvæðingarfrjármagn frá árinu 2009.

2) Að meðtöldum 57,512 millj. DKK úr hnattvæðingarsjóði frá árinu 2008.

* Þróun verkefnis nr 14, „Kynning á ímynd Norðurlanda sem miðstöð skapandi atvinnugreina“.

* Heiti fjárlagaliðarins var breytt á árinu 2011 í „Menning og sköpunarkraftur“

** Frá árinu 2011 verður verkefni nr. 5, „Sameiginleg norræn kynning á orkumálum (EnergiExpo)“ einnig fylgt eftir.

*** Er ekki hnattvæðingarverkefni, en var fjármagnað að hluta til með hnattvæðingarfrjármagni.

Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K) fæst við fjölbreytt málefni og aðgerðir allt frá alþýðlegu félagsstarfi til vinnu einstakra listamanna. Miklar breytingar hafa verið gerðar á uppbyggingu norræns menningarsamstarfs á undanförunum árum með það að markmiði að gera samstarfið gegnsærra og sveigjanlegra. Breytingunum er stöðugt fylgt eftir og mat á menningarsamstarfinu sem hófst árið 2010 og lýkur árið 2011 mun gefa vísbendingu um hverju á að breyta og þróa í framtíðinni.

Mikilvægasta stjórnækið á menningarsviði er áætlunin „Det fællesnordiske kultursamarbejde – Mål og vision“ ásamt verkáætlun um norrænt menningarsamstarf. Áætlunin um norrænt menningarsamstarf á tímabilinu 2010-2012 felur í sér 6 forgangsbæmu:

1. Skapandi Norðurlönd – svar við hnattvæðingunni.
2. Norrænn málskilningur.
3. Menning fyrir börn og ungmenni.
4. Menningarleg fjölbreytni.
5. Norrænn menningararfur.
6. Formennskuáætlun ráðherranefndarinnar á menningarsviði.

MR-K fæst við skapandi greinar á mörgum sviðum, bæði með starfi stýrihópsins KreaNord og með þátttöku í þróun menningarsamstarfs innan Norðlægu víddarinnar. Áætlanir MR-K og Norræni menningarsjóðurinn, Norræni kvikmynd- og sjónvarpssjóðurinn og norrænu húsin og stofnanir gegna mikilvægu hlutverki í frekari þróun menningar- og fjölmiðlasamstarfs. Menningarverðlaun Norðurlandaráðs eiga þátt í að gera menningarsamstarfið sýnilegra almenn- ingi, bæði á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum.

Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U) ber ábyrgð á samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði menntunar, rannsókna og málstefnu, og ráðherranefndin samræmir einnig samstarf á sviði upplýsingatækni og ferðastyrkja. MR-U tekur mikinn þátt í viðbrögðum Norrænu ráðherranefndarinnar við hnattvæðingu. Á rannsóknarsviði ber MR-U meginábyrgð á hnattvæðingarverkefninu „Norrænar öndvegisrannsóknir“, sem er starfrækt í nánu samstarfi við ráðherranefndina um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER). Á árinu 2011 er ætlunin að styðja við framkvæmd Öndvegisrannsóknaverkefnisins á sviði orku-, loftslags- og

umhverfismála (TFI), og að auki stendur til að þróa nýja öndvegisrannsóknaráætlun um velferð og heilsu, en það fer m.a. eftir mati á fyrsta stigi Öndvegisrannsóknaverkefnisins og niðurstöðum um eftirlits- og stjórnunarþætti (governance) í samstarfi á rannsóknarsviði. Hnattvæðingarverkefnin „Þróun Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA)“, „Efling æðri menntunar á Norðurlöndum“ og „Góð menntun fyrir ungt fólk og fullorðna“ munu halda áfram á árinu 2011 og þau þróuð enn frekar en hnattvæðingarverkefnið „Rafræn vísindi (eScience)“ mun beina athyglinni að því setja á fót norrænan vettvang um rafræn vísindi (eScience Platform). MR-U tekur einnig þátt í hnattvæðingarverkefninu um heilsu og velferð og ber meginábyrgð á hlutaverkefninu um næringu, fræðslu og heilsu.

Nordplus áætlanirnar eru ásamt Öndvegisrannsóknaverkefninu umfangsmestu áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar. Á árinu 2011 mun starfið ekki síst felast í eftirfylgni matsins og undirbúningi hugsanlegs áframhalds á Nordplus áætluninum frá 2012, ásamt því að miðla niðurstöðum.

Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) gegnir mikilvægu hlutverki í hnattvæðingarstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar, framkvæmd Norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA) og í því að koma á fót samnorrænu rannsóknarumhverfi og rannsóknarnámi á heimsmælikvarða.

Á árinu 2011 mun aukin athygli beinast að skilningi barna og ungmenna á dönsku, norsku og sænsku, með sérstöku tungumálaverkefni. Tungumálaverkefnið verður kynnt árið 2010 og því lýkur á formennskutíma Finna haustið 2011.

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A) ber ábyrgð á samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnu- og vinnumarkaðsmál ásamt vinnuvernd og vinnurétti. Í samstarfsáætlun MR-A fyrir tímabilið 2009-2012 er lögð áhersla á hnattvæðingu og lýðþróun og mun samstarfið einkum beinast að þeim málaflokkum. Ennfremur munu loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á vinnumarkaðinn fá aukið vægi í samstarfinu.

Meginmarkmið norræns samstarfs á vinnumálasviði er að að efla skilvirkan norrænan vinnumarkað á samkeppn-



isfærum Norðurlöndum. Meðal markmiða er að tryggja nægilegt hæft og sveigjanlegt vinnuafli, að þróa áfram stranga norræna staðla um vinnuvernd, að efla jafnvægið milli launþegaverndar og sveigjanleika og að efla jafnrétti og jafna stöðu á vinnumarkaði. Með þessi markmið að leiðarljósi mun samstarfið á vinnumálasviði árið 2011 beinast að framkvæmd tveggja hnattvæðingarverkefna undir yfirskriftunum: „Ráðning erlendra starfsmanna: Vinnuvernd innflytjenda og tengsl þeirra við norrænan vinnumarkað“ og „Efling tækifæra Norðurlanda til að nýta sér ný hagvaxtarsvæði“. Verkefni heyrir undir hnattvæðingarverkefni nr. 17, „Heilsa og velferð“.

Yfir helmingur af fjárveitingum MR-A mun áfram fara til stofnunarinnar NIVA í Helsinki, skiptiáætlunarinnar Nordjobb og til miðlunar upplýsinga um norræn vinnumál á heimasíðunni www.arbeidslivinorden.org og í rafrænum fréttabréfum.

Ráðherranefnd um umhverfismál (MR-M) leggur áherslu á að vernda og bæta umhverfi og lífsgæði á Norðurlöndum, hafa áhrif á svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf og taka þátt í að koma í framkvæmd stefnu Norðurlanda um sjálfbæra þróun, sem og stefnu um loftslagsmál og hættuleg efni á norðurslóðum.

Umhverfissvið hefur valið að leggja megináherslu á eftirfarandi fjóra málaflokka: Loftslag og loftgæði, hafið og strandsvæði, líffræðilega fjölbreytni og þjónustu vistkerfa ásamt sjálfbærri neyslu og framleiðslu. Til að efla samþættingu umhverfissjónarmiða við fagsviðin er einnig lögð áhersla á þverfaglegt samstarf.

Samstarf á umhverfissviði markast einnig af forgangsroðun í formennskuáætlun Finna fyrir árið 2011 og hnattvæðingarverkefnum norrænu forsætisráðherranna. Á umhverfissviði verður lögð áhersla á að fylgja eftir samningum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni. Önnur forgangsmál eru að fylgja eftir ákvörðun Sameinuðu þjóðanna um að hefja samninga um bindandi hnattrænan kvikasilfurssamning og fyrsta samningafundinum í Stokkhólmi, starf að vistfræðilegri stjórnun haf- og strandsvæða og ofauðgun og hættuleg efni í vistkerfum hafsins, m.a. með því að fylgja eftir ráðherrafundi HELCOM 2010. Norræna umhverfismerkið Svanurinn mun verða í

brennidepli árið 2011. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) mun styðja við samstarf norrænu landanna um umhverfismál á alþjóðavettvangi og samstarf við Norðurskautsráðið, Barentsráðið og HELCOM.

Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) hefur að framtíðarsýn að tryggja samkeppnishæf Norðurlönd, en sjálfbær nýting lifandi náttúruauðlinda tekur tillit til þarfa mannsins fyrir lífsgæði og örugg matvæli og á þátt í jákvæðri hnattrænni þróun. Þessari framtíðarsýn er fylgt eftir með rammaáætlun fyrir tímabilið 2009-2012 en hún felur í sér sex áherslusvið. Rammaáætlun fyrir MR-FJLS 2009-2012 á því að:

- eiga þátt í þróun samkeppnishæfrar framleiðslu
- styrkja forsendur norrænu landanna til að takast á við loftslagsbreytingar og þær áskoranir sem þeim fylgja
- tryggja fjölbreytni erfðalinda fyrir komandi kynslóðir
- styrkja sjálfbæra þróun strandsvæða og landsbyggðar á Norðurlöndum og menningar á þessum svæðum
- þróa norrænt velferðarsamfélag með áherslu á lýðheilsu og dýravernd og
- eiga þátt í að skapa sameiginlegu gildismati hljómgrunn á alþjóðlegum vettvangi

Formennskuáætlun Finna fyrir árið 2011 styður við rammaáætlunina.

Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (NR-NER) mun á árinu 2011 takast á við viðfangsefni sem lúta að afleiðingum loftslagsbreytinga, hnattvæðingu og efnahagskreppunnar. Málaflokkurinn er ábyrgur fyrir þónokkrum hluta hnattvæðingarverkefna forsætisráðherranna og verður áfram unnið að þeim á árinu 2011.

Á sviði orkumála standa löndin frammi fyrir mikilvægu úrlausnarefni sem er að bæta orkunýtingu eins og kostur er og breyta orkuframleiðslu til að lágmarka losun CO₂ en tryggja um leið orkuframboð og möguleika á áframhaldandi hagvexti.

Á sviði atvinnumála verður nýrri áætlun um nýsköpun og atvinnumál fyrir tímabilið 2011-2013 hrint í framkvæmd. Áhersla er á nýsköpun, heilsu og grænan hagvöxt.

Hvað byggðamálin varðar fylgir efnahagskreppunni aukid álag á undirstöður samfélagsins. Loftslagsmálin krefjast aðlögunar í skipulagsmálum bæja og samgöngukerfum. Einkum á strjálbýlum svæðum eru margar áskoranir sem hugað verður sérstaklega að á árinu 2011.

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S) mun sem fyrr veita tækifærum og áskorunum hnattvæðingarinnar á félags- og heilbrigðismálasviði forgang. Samstarfið mun beinast að því að efla hnattræna stöðu Norðurlanda með áherslu á meginsviðin fjögur: (1) afnám hindrana fyrir frjálsri för milli norrænu landanna, (2) þróun norræns velferðarsamfélags út frá evrópsku sjónarhorni, (3) samstarf Norðurlanda við grannríkin og (4) miðlun upplýsinga og reynslu milli landanna.

Vegna áherslu sviðsins á hnattvæðingu hafa félags- og heilbrigðismálaráðherrarnir áfram veitt „nýsköpun í norrænni velferðarþjónustu“ forgang sem kjarnasviði í norrænu samstarfi. Þar er sjálfbærni norræna velferðarkerfisins í hnattvæddu efnahagskerfi miðlægt viðfangsefni.

MR-S mun taka virkan þátt í hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um heilsu og velferð en þar þarf fagsviðið meginábyrgð á tveimur af sjö hlutaverkefnum og tekur einnig þátt í hinum fimm verkefnum. Tvö meginverkefni MR-S beinast að því að (1) koma í veg fyrir að fólk falli út af vinnumarkaði og að tryggja þátttöku veikari hópa ásamt (2) bættri heilsu og nýsköpun í fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir lífsstíllssjúkdóma.

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-FINANS) tekur þátt í samstarfi á sviði efnahags- og fjármála um að ná grundvallarmarkmiðum í efnahagsmálum um stöðuga og heilbrigða efnahagsþróun með háu atvinnustigi og stöðugum hagvexti.

Málefni sem snerta Evrópusambandið hafa sem fyrr forgang í samstarfi á sviði efnahags- og fjármála. Á sviðinu er haft kerfisbundið samráð og samstarf um málefni sem varða Evrópusambandið á efnahags- og fjármálasviði. Margar spurningar sem snerta ESB og fjallað verður um á vettvangi Efnahags- og fjármálaráðsins (Ecofin) munu verða ofarlega á baugi. Önnur viðfangsefni sem gert er

ráð fyrir að verði veigamiklir þættir starfsins á sviðinu á árinu 2011 eru eftirfylgni afnáms stjórnýsluhindrana milli norrænu landanna, kerfisbundið samráð og samstarf um skattamál og áframhaldandi samstarf til að samþætta efnahagsmálin í norræna stefnu um sjálfbæra þróun á skýran hátt. Nýtt tímarit „Nordic Economic Policy Review“ sem kom út í fyrsta skipti á árinu 2010 verður væntanlega einnig forgangsmál á árinu 2011 og ætti áfram að koma að góðu gagni í stefnumörkun í efnahagsmálum. Viðleitni til að koma í veg fyrir skattaundanskot með sameiginlegum norrænum samningum við aflandsfjármálamiðstöðvar sem hófst árið 2006 hefur borið góðan árangur. Haustið 2010 mun virðisauki af því að halda verkefninu áfram eftir 2010 metinn. Á grundvelli matsins verður tekin ákvörðun um hvort verkefninu skuli haldið áfram.

Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-Ligestilling) hefur á árinu 2010 unnið að nýrri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2011-2014. Markmiðið var að virkja norræna aðila á mun breiðari grundvelli en áður í þróun áætlunarinnar, ásamt því að sameina allar norrænar stefnumarkandi áætlanir á jafnréttissviði í eina stefnumótun til fleiri ára. Á grundvelli tillagna frá norrænu löndunum fimm og sjálfstjórnarlöndunum þremur, ásamt þátttöku almennings og frjálsra félagasamtaka, er áhersla lögð á eitt meginþema og starfsemi sem liggur þar að baki fyrir umrætt fjögurra ára tímabil. Með aðstoð frá skrifstofum Norrænu ráðherranefndarinnar á svæðinu hafa pólitískt ábyrg stjórnvöld í Eystrasaltsríkjunum þremur og Norðvestur-Rússlandi tekið þátt í umræðum um áætlunina. Að auki hafa borist tillögur frá Norrænu kvenna- og kynjarannsóknastofnuninni (NIKK), Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (NiCE) og jafnréttisstofnun Evrópusambandsins í Vilnius. Enn er stefnt að því að norrænt jafnréttissamstarf, eins og það birtist í nýrri samstarfsáætlun sem er til fjögurra ára, þ.e. fyrir tímabilið 2011-2014, verði í fararbroddi í heiminum og öðrum löndum fyrirmynd.

Ráðherranefnd um löggjafarmál (MR-Lov). Með samstarfi á löggjafarsviði geta norrænu löndin eft sameiginlegar grundvallarreglur í norrænni löggjöf, í samræmi við norrænt gildismat. Samstarfið byggir á meira en 100 ára hefð og felst í undirbúningi og miðlun reynslu í aðdraganda lagasetningar, fyrirbyggjandi aðgerðum og baráttu gegn



glæpastarfsemi, samstarfi við stjórnvöld á sviði löggjafarmála í Eystrasaltsríkjunum ásamt samnorrænu starfi varðandi ESB/EES-rétt. Til að tryggja samræmi í þróun réttarkerfa á grundvelli Helsingfors-samningsins og samstarfsáætlunar á löggjafarsviði er farið yfir nýja og væntanlega löggjöf á Norðurlöndum. Þegar þess gerist þörf eru einnig unnin sértæk verkefni um löggjafarmál.

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) munu sem fyrr m.a. leggja áherslu á aukið samstarf við grannsvæðin, starf til að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir, auk hnattvæðingarverkefna.

Aukið samstarf við grannsvæðin hefur að markmiði að efla sameinaðan styrk svæðisins með sérstakri áherslu á Eystrasaltssvæðið. Samstarf við nágretta okkar í vestri, einkum Kanada er einnig orðið mikilvægara.

Samstarf ráðherranefndarinnar á Eystrasaltssvæðinu beinist einkum að þróun svæðisins í heild sem „The Top of Europe“. Auk margra ára samstarfs við Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, er þróun samstarfs við Pólland og Þýskaland orðið mikilvægara vegna stefnu Evrópusambandsins um málefni Eystrasaltssvæðisins, en ráðherranefndin mun eiga þátt í að hrinda framkvæmda-áætlun stefnunnar í framkvæmd. Samstarf á evrópskum vettvangi er samþætt starfi ráðherranefndarinnar, sem einnig tekur virkan þátt í framkvæmd Norðlægu víddarinnar og þróun samstarfsverkefna. Ráðherranefndin á náið samstarf við svæðisbundin samtök á svæðinu og við Evrópusambandið og vinnur að því að þróa það og efla.

Í samstarfi við Eystrasaltsríkin er lögð áhersla á menntun, rannsóknir, nýsköpun, umhverfismál og loftslagsmál. Samstarf við Norðvestur-Rússland beinist að uppbyggingu þekkingar og þróun tengslaneta og því að efla borgaralegt samfélag og lýðræði. Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og í Norðvestur-Rússlandi gegna mikilvægu hlutverki fyrir þróun samstarfs á Eystrasaltssvæðinu og á Barentssvæðinu.

Í starfsemi ráðherranefndarinnar gagnvart Hvíta-Rússlandi er lögð áhersla á Evrópska hugvísindaháskólann (EHU) í Víníus ásamt þróun lýðræðis og eflingu borgaralegs samfélags.

Með nágrönnum í vestri, einkum Kanada, hefur ráðherranefndin hug á að auka samstarf á sviði rannsókna, nýsköpunar og loftslagsmála. Samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um málefni Norðurskautsins styður starfið gagnvart Norðurskautsráðinu og öðrum samstarfsaðilum.

Afnám stjórnsýsluhindrana fyrir einstaklinga og fyrirtæki heldur áfram. Leitast verður við að styrkja enn betur samræmingu löggjafar í norrænu löndunum og innleiðingu ESB-tilskipana o.fl. á árinu, m.a. með pólitískri eftirfylgni löggjafarráðstefnunnar sem var haldin árið 2010. Til að samræma reglur fyrir tiltekna starfshópa og -greinar, bæði hvað varðar menntun og löggildingar og staðla/kröfur, verður gripið til sértækra aðgerða.

Einnig verður fylgt eftir þeirri kortlagningu á stjórnsýsluhindrunum á vinnumarkaði og á sviði almannatrygginga sem bæði EK-A, EK-S og Nefnd um afnám stjórnsýsluhindrana (GF) gerðu á árinu 2010.

Á árinu verður einnig leitast við að þróa bestu hugsanlegu samstarfsform milli allra þeirra sem koma að stjórnsýsluhindrunum og að reyna að tryggja að sem flestir samræmi aðgerðir til að leysa sömu eða tengd vandamál. Eins og á árinu 2010 verður reynt að fjalla um eina eða fleiri stjórnsýsluhindranir í öllum ráðherra- og embættismannanefndum sem málið varðar. Frá og með árinu 2011 hefur umboð Nefndar um afnám stjórnsýsluhindrana verið skilgreint með skýrari hætti til að auðvelda forgangsriðun og ætti það að leiða til skilvirkara starfs sem lýtur að stjórnsýsluhindrunum.

Breytingar á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2011

Hnattvæðingarverkefni munu áfram vera stefnumótandi fyrir norrænt samstarf á árinu 2011, bæði á sviði stjórn- mála og efnahagsmála. Auk fjármagns til hnattvæðingar- verkefna, sem í fjárhagsáætlun fyrir 2011 er hækkað í 72,4 millj. DKK, er það á sviði menningarmála og til ramma samstarfsráðherranna²⁾ sem fjárveitingar hækka mest. Inn- an fjárhagsramma annarrar samnorrænnar starfsemi var samþykkt að auka fjármagn um samtals 2.069 þús. DKK og á menningarsviði hefur ramminn verið aukinn um 1.663 þús. DKK.

Að meðtalinni hækkuð fjárveitingar til hnattvæðingarverk- efna miðað við árið 2010 um 6.769 þús. DKK samþykktu samstarfsráðherrarnir að stækka heildarfjárhagsrammann um samtals 10.501 þús. DKK.

Til að fjármagna breytta forgangsröðun, þ.e. hækkuð fram- laga til hnattvæðingarverkefna, menningarsviðs og annarr- ar samnorrænnar starfsemi er fjárhagsrammi fagsviðanna minnkaður hlutfallslega um 1%. Á eftirfylgjandi töflu má sjá að við það losnar um samtals 6.272 þús. DKK. Það sem á vantar kemur frá minnkun á fjárhagsramma til Samstarfs við grannsvæðin um 4.229 þús. DKK.

Breytingar



RÁÐHERRANEFND/ SVIÐ	HLUTFALLSLEGUR NIÐURSKURÐUR	YFIRFÆRT
	1,0%	
Menningarmál	1.651	1.663
– að meðtöldum menningarsjóðnum		663
Sjávarútv., landbúnaður, skógrækt og matvæli	353	
Jafnréttismál	81	
Menntamál og rannsóknir	2.157	
Félags- og heilbrigðismál	360	
Atvinnu-, orku- og byggðamál	1.073	
Vinumarkaðsmál	131	
Efnahags- og fjármál	18	
Umhverfismál	434	
Löggjafarmál	14	
Fjárhagsrammi samstarfsráðherranna		4.609
SAMTALS	6.272	6.272

Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun fyrir árið 2011

Á hverju ári hafa Norðurlandaráð og Norræna ráðherra- nefndin samráð um fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar. Ráðherranefndin og Norðurlandaráð eru sammála um að samráð um fjárhagsáætlun ársins hafi skilað árangri. Sam- ráðið getur leitt til þess að fjármagn er flutt milli fjárlaga- liða, fjármagn á tilteknum fjárlagaliðum eyrnamerkt eða að breytingar eru gerðar á textum í fjárhagsáætluninni. Þetta árið leiddi samráðið ekki til breytinga á upphæðum á fjárlagaliðum, en gerðar voru breytingar á textum með fjárlagaliðum á sviði menningarmála, stjórnsýsluhindrana og óformlegs samstarfs á vegum formennskusjóðsins.

2) Liðirnir Hnattvæðingarverkefni, Samstarf við grannsvæðin, Skrifstofa ráðherranefndarinnar og Önnur samnorræn starfsemi eru fjármagnaðir af fjárhagsramma samstarfsráðherranna.



Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnun með beinum framlögum frá löndunum. Framlag landanna samsvarar heildarfjárhagsrammanum að frádrögnum gjöldum af tekjum starfsmanna, nettóvaxtatekjum og

öðrum tekjum, sbr. eftirfarandi yfirlit. Framlag hvers lands er ákveðið samkvæmt sérstakri skiptireglu, sem byggist á hlutdeild hlutaðeigandi lands í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, sem í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 eru árin 2007 og 2008.



TEKJUR ÞÚS. DKK. (VERÐLAG HVERS TÍMA)

	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2009	SKIPTI- REGLA 2009	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2010	SKIPTI- REGLA 2010	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2011	SKIPTI- REGLA 2011
Fjármagn sem ekki var notað síðasta ár	5.468		2.892			
Gjöld af tekjum starfsmanna	8.000		8.000		8.000	
Vaxtatekjur	8.000		2.250		1.000	
Aðrar tekjur/tap	500		250		200	
Framlag landanna	890.791		885.855		925.516	
– Danmörk	198.646	22,3%	191.345	21,6%	198.060	21,4%
– Finnland	155.888	17,5%	154.139	17,4%	161.965	17,5%
– Ísland	10.689	1,2%	10.630	1,2%	10.181	1,1%
– Noregur	244.077	27,4%	248.925	28,1%	268.400	29,0%
– Svíþjóð	281.490	31,6%	280.816	31,7%	286.910	31,0%
SAMTALS:	912.759	100,0%	899.247	100,0%	934.716	100,0%

Áætlað framlag frá löndunum

Á eftirfarandi yfirliti má sjá áætlað framlag frá löndunum til Norrænu ráðherranefndarinnar í gjaldmiðli viðkomandi lands, á grundvelli þess gengis gjaldmiðla sem samstarfsráðherrarnir hafa orðið sammála um, sbr. fylgiskjal 3.



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011 – ÁÆTLAÐ FRAMLAG FRÁ LÖNDUNUM Í GJALDMIÐLI HVERS LANDS

Danmörk	139.419	DKK
Finland	23.348	EUR
Ísland	231.378	ISK
Noregur	332.575	NOK
Svíþjóð	389.778	SEK

Staðan í verkefnaumsjón skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar

Í framhaldi af breytingum á tilhögun við gerð fjárhagsáætlunar sem Norræna samstarfsnefndin og samstarfsráðherrarnir (NSK/MR-SAM) samþykktu í febrúar 2007 hafa verið gerðar ýmsar umbætur í verkefnaumsjón ráðherranefndarinnar.

Á vegum NSK/MR-SAM gerði finnska ráðgjafafyrirtækið Net-Effekt Oy úttekt árið 2009 og lauk það starfi sínu í janúar 2010. Megintillögur í skýrslu Net-Effekt varða skýrari markmið fyrir fjárveitingar til verkefna hjá MR og EK ásamt meiri áherslu á skýrslugerð og nýtingu niðurstaðna verkefnanna.


Til að skýra betur markmið, tilgang og norrænt notagildi í sambandi við fjárveitingar til verkefna hafa verklagsreglur fyrir afgreiðslu fjárveitinga til verkefna á vegum MR og EK verið endurskoðaðar og voru þær innleiddar árið 2010. Um leið er skerpt á kröfum um skýrslugerð og eftirfylgni niðurstaðna.

Skrifstofan þróaði á árinu 2009 heildarmódel og aðferð fyrir starfsemi verkefna. Aðferðin er fyrst og fremst til notkunar við verkefni sem starfrækt eru innanhúss á skrifstofunni eða við verkefni sem eru starfrækt af umsýsluaðilum utan skrifstofunnar en þar sem skrifstofan ber ábyrgð á að fylgjast með því að verkefnið sé unnið samræmi við ákvarðanir MR eða EK.

Norrænu stofnanirnar hafa einnig sýnt áhuga á módelinu ásamt aðferðum til færniþróunar og þjálfunar starfsfólks sem nú er hafin.

Fyrir árslok 2010 mun áður þróuð vefgátt með upplýsingum um verkefni verða þróuð áfram. Endurskoðuð vefgátt mun innihalda upplýsingar um verkefni sem unnið er að eða er lokið, sem ekki hafa áður verið skráð með kerfisbundnum hætti, þar með talið markmið, tilgangur og væntanlegt norrænt notagildi, upphaf verkefnis og lok þess, ásamt upplýsingum um fjárhagsramma og um fjármagn sem greitt hefur verið út. Einnig munu liggja fyrir upplýsingar um niðurstöður verkefna sem er lokið og um hvort markmiðum hafi verið náð. Möguleikar á leit í gagnagrunninum verða bættir og verður frjálst aðgengi að honum fyrir almenning. Upplýsingar í verkefnagagnagrunninum verða uppfærðar jafnóðum.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 hefur flokkun fjárlaga-liða einnig verið endurskoðuð og er það gert til að auka gagnsæi um hvað eru eiginleg verkefni. Framvegis verður gerður skýr greinarmunur á eiginlegu verkefnafé og annarri áþekkrri starfsemi.



Þróun fjárhagsáætlana og lausafjárstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar

Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2005-2009

Óráðstafað fjármagn er skilgreint sem fjármagn sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafað fjármagn kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða framlög til verkefna og annarrar áþekkrar starfsemi. Fjárveitingar til stofnana og félagasamtaka greiðir ráðherranefndin til utanaðkomandi aðila og hafa þeir ráðstöfunarrétt yfir því fjármagni. Á fjárlögum ráðherranefndarinnar er þessu fjármagni því, samkvæmt skilgreiningunni, ávallt að fullu ráðstafað. Fjárveitingar til verkefna og styrkja námu samtals u.þ.b. 54% af fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 2009.

Við breytingar á tilhögun við gerð fjárhagsáætlunar og samþykkt verkefnalista framkvæmdastjórans í febrúar 2007 ákváðu samstarfsráðherrarnir að innleiða regluna um 20% og lágmarksupphæð sem nemur 200.000 DKK (20% reglan), en samkvæmt henni má aldrei meira en 20% af framlagi á tilteknum fjárlagalið vera óráðstafað. Þó má alltaf yfirfæra 200.000 DKK til næsta árs.³⁾ Ef meira en 20% af fjárveitingu á tilteknum fjárlagalið er óráðstafað við árslok er það flutt í ráðstöfunarsjóð sem samstarfsráðherrarnir geta ráðstafað næsta ár. 20% reglan gekk í gildi frá og með bókhaldsárinu 2007.

Þess er vænst að reglan hraði framkvæmd og lokum verkefna á vegum ráðherranefndarinnar og auki jafnframt möguleika á pólitískri forgangsröðun.

Þessu getur að sjálfsögðu fylgt hætta á að vegna strangari reglna um yfirfærslu fjármagns verði fjármagni í auknum mæli ráðstafað til verkefna sem eru ekki framarlega í pólitískri forgangsröðun.

Í maí 2009 samþykktu samstarfsráðherrarnir að frá og með starfsárinu 2009 skuli fjármagn sem fellur fyrir 20% reglunni vera flutt til baka til landanna. Þetta var samþykkt á grundvelli þess að rammi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008 var aukinn til eins árs um 35 millj. DKK til að fjármagna hnattvæðingarverkefni.

Á myndritinu hér á eftir er sýnd þróun óráðstafaðs fjármagns frá árinu 2005 og yfirlit yfir skiptingu óráðstafaðs fjármagns á ráðherranefndir.

Myndritið og taflan hér á eftir sýna að óráðstafað fjármagn jókst á tímabilinu 2008-2009 um u.þ.b. 4,6 millj. DKK.

Í töflunni má sjá að þann 12. nóvember 2010 var u.þ.b. 95 millj. DKK óráðstafað af fjárhagsramma fyrir árið 2010. Það er áþekk staða og árið á undan. Þegar einungis rúmur mánuður er eftir af bókhaldsárinu er ljóst að ráðstöfun fjármagns hefur ekki dreifst jafnt á árið. Í augnablikinu er ekki hægt að segja til um það hve mikið fjármagn verður hugsanlega flutt til baka til landanna samkvæmt 20% reglunni.

3) Þetta lágmark er sett vegna lítilla fjárlagaliða, sem yrðu illa úti ef eingöngu væri beitt hlutfallsútreikningi.


**ÓRÁÐSTAFAD FJÁRMAGN 2005–2009**

FAGSVÍÐ (Þús. DKK)	2005	2006	2007	2008	Breyting 2008–2009	2009	Lækkun vegna 20 % reglu	12.11.2010
Hnattvæðingarverkefni	-	-	-	7.916	1.176	9.092	190	24.056
Menningarsamstarf (NMR)	5.561	10.106	1.340	938	1.160	2.098	99	9.288
Norræni menningarsjóðurinn	-	-	-	-	-	-	-	-
Menntamál og rannsóknir	6.450	4.950	1.990	1.015	486	1.501	376	6.649
Samstarf við grannsvæðin	-	1.608	6.365	5.421	4.010	9.431	749	36.461
Umhverfismál	277	1.355	710	2.657	886	3.543	-	3.299
Efnahagsmál	443	218	347	349	-142	207	-	26
Matvæli	266	-	-	-	-	-	-	-
Landbúnaður og skógrækt	10	-	-	-	-	-	-	-
Sjávarútvegur	184	-	-	-	-	-	-	-
MR-FJLS	-	450	2.647	809	425	1.234	-	2.613
Vinumarkaður og vinnuvernd	593	2.095	717	820	-472	348	-	1.077
Samstarf um vímuefni	85	-	-	-	-	-	-	-
Félags- og heilbrigðismál	1.712	2.623	591	1.206	-579	627	-	1.093
Jafnréttismál	421	297	671	199	459	658	299	100
Orkumál	-	-	-	-	-	-	-	-
Atvinnumál	996	-	-	-	-	-	-	-
Bygðamál	71	-	3.085	-	-	-	-	-
NER	-	2.068	266	4.528	-1.124	3.404	-	4.193
Löggjafarmál	2.266	1.040	200	267	3	270	1.545	936
Samgöngur	149	696	-	-	-	-	-	-
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	4	-	-	-	-	-	-	-
Bygginga- og húsnæðismál	147	-	-	-	-	-	-	-
Neytendamál	356	2.308	200	-	-	-	-	-
Aðlögunarsjóður	-	2.489	613	-	-	-	-	-
Önnur samnorræn starfsemi	10.194	6.078	3.902	3.961	-871	3.090	1.534	5.222
SAMTALS	30.185	38.381	23.644	22.170	4.241	26.411	4.602	95.013




ÓRÁDSTAFAD FJÁRMAGN Í LOK ÁRSINS

Þús. DKK



PRÓUN FJÁRHAGSÁÆTLANA Á TÍMABILINU 2001–2011 MILLJÓNIR DKK




Próun fjárhagsáætlana á tímabilinu 2001–2011

Fyrir árið 2011 hafa samstarfsráðherrarnir samþykkt fjárlagaramma sem er sá sami og fyrir tímabilin 2005-2007 og 2009-2010⁴⁾, en fyrir árið 2008 var fjárlagaramminn 35 millj. DKK hærri. Breytinguna á árinu 2008 ber að skoða í ljósi ákvörðunar í sambandi við fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 um að fjármagna hluta aðgerða vegna hnattvæðingar, sem námu 60 millj. DKK árið 2008 og forsætisráðherrarnir kynntu í Punkaharju árið 2007, með því að stækka fjárlagarammann. Meginástæða þess að ramminn var stækkaður var að samstarfsráðherrarnir gerðu sér grein fyrir að ekki næðist pólitískt samkomulag um breytingar sem næmu 60 millj. DKK innan þess ramma sem búið var að samþykkja fyrir árið 2008, því ráðherranefndartillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 átti að vera tilbúin stuttu eftir fund forsætisráðherranna.

4) Vegna breytinga á gengi gjaldmiðla lækkar ramminn frá árinu 2009 til 2010 í dönskum krónum. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 lækkaði gengi SEK og NOK miðað við DKK og því lækkuðu fjárveitingar sem eru greiddar í gjaldmiðli viðkomandi lands þegar þær voru umreiknaðar til DKK.



ÞRÓUN LAUSAFJÁRSTÖÐU 2005–2010 Þús. DKK



Þróun lausafjárstöðu

Á þessari mynd má sjá þróun lausafjárstöðu frá miðju ári 2004 til apríl 2010. Lausafé er framlag frá löndunum sem enn hefur ekki verið greitt til starfsemi verkefna, samstarfsaðila og stofnana (þ.m.t. rekstur skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og annarra skrifstofa á hennar vegum).

Myndin sýnir mynstur sem er einkennandi fyrir lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Mynstrið er afleiðing þess að greiðslur frá ráðherranefndinni dreifast nokkuð jafnt yfir árið og að framlag landanna er innheimt á tilteknum tímum ársins.

Frá og með árinu 2008 hefur framlag landanna verið innheimt fjórum sinnum á ári en ekki tvisvar eins og áður var gert og því hefur mynstrið í lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar breyst.

Á þessu tímabili hafa löndin oft látið í ljósi þá skoðun að lausafjárstaða ráðherranefndarinnar væri of há. Tvívegis hefur því verið reynt að lækka hana.

Fyrra skiptið var á tímabilinu 2001-2005 en þá innheimti ráðherranefndin í þessu skyni framlag frá löndunum sem var 10 millj. DKK lægra en fjárhagsramminn. Við samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008 var einnig leitast við að lækka lausafjárstöðuna um 70 millj. DKK með því að lækka framlag landanna.

Þar sem löndin töldu að þessar aðgerðir hefðu ekki tilætluð áhrif á lausafjárstöðuna samþykktu samstarfsráðherrarnir árið 2010 að fresta greiðslu framlaga landanna til ráðherranefndarinnar um tvo mánuði, þannig að frá og með 2011 munu löndin greiða fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember en ekki eins og nú, í janúar, apríl, júlí og október.



Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli viðkomandi lands

FJÁRVEITINGAR TIL NORRÆNNA STOFNANA		2011	2010	
Menningarmál				
1-2228-3	Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.899.000	2.887.000	DKK
1-2259-3	„Kulturkontakt Nord“	704.400	695.800	EUR
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík ¹⁾	-	-	
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum		13.166.000	DKK
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	382.100	377.400	EUR
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.171.000	6.144.000	DKK
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	855.400	845.000	EUR
Jafnréttismál				
1-4480-3	Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin (NIKK)	5.491.000	5.412.000	NOK
Menntamál og rannsóknir				
2-3100-3	Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)	117.003.000	115.302.000	NOK
Vinnumál				
2-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuverndarsviði (NIVA)	441.800	399.700	EUR
Atvinnu-, orku- og byggðamál				
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICE)	79.226.000	78.137.000	NOK
4-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	6.017.000	5.870.000	NOK
4-6180-3	Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio)	13.168.000	12.973.000	SEK
Félags- og heilbrigðismál				
4-4380-3	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	24.780.000	24.414.000	SEK
4-4381-3	Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV)	44.631.000	43.972.000	SEK
Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, skógrækt og matvæli				
3-6585-3	Norræna erfðalindasetrið (NordGen)	18.605.000	18.330.000	SEK
Samstarf við grannsvæði				
6-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	2.063.700	2.517.800	EUR

1) Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K) mun taka ákvörðun um endanlega upphæð fjárveitingar til Norræna hússins í Reykjavík á árinu 2011.

Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir alla liði fjárhagsáætlunarinnar



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
HNATTVÆÐINGARVERKEFNI SAMTALS¹⁾		72.420	67.123
5-2020-1	Þing um viðbrögð vegna hnattvæðingar	3.876	4.068
5-2025-2	Norrænar öndvegisrannsóknir	0	7.119
5-2030-2	Nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu	2.040	2.644
5-2035-1	Nýsköpunarverðlaun með áherslu á norræn gæði	0	0
5-2040-1	Sameiginleg norræn kynning á orkumálum (EnergiExpo)	0	0
5-2042-1	Orka og samgöngur og eftirfylgni EnergiExpo	11.832	0
5-2045-1	Heimssýningin í Sjanghæ 2010	0	2.543
5-2050-1	Framlag Norðurlanda til loftslagssamninga	0	0
5-2055-1	Nefnd um afnám stjórnsýsluhindrana	1.326	2.034
5-2060-2	Norrænt rannsókn- og nýsköpunarsvæði (NORIA)	3.570	3.560
5-2062-1	Rafræn vísindi (eScience)	8.772	0
5-2065-1	Áætlun um að efla æðri menntun á Norðurlöndum	6.120	2.034
5-2070-1	Áætlun um fræðslu ungs fólks og fullorðinna	2.040	3.763
5-2075-2	Áhrif loftslagsbreytinga á frumatvinnugreinar	4.794	6.102
5-2080-2	Menning og sköpunarkraftur	7.140	2.848
5-2085-2	Heilsa og velferð	13.260	0
5-2090-2	Loftslagsvænar byggingar	7.650	0
5-3000-1	Sjóður vegna nýrra hnattvæðingarverkefna	0	30.408

1) Hvað varðar hnattvæðingu er þetta yfirlit ekki það sama og yfirlitið á blaðsíðu 10. Þetta yfirlit sýnir einungis fjárlagaliði sem koma fram í fjárhagsáætlun fyrir árin 2010 og 2011. Á yfirlitinu á blaðsíðu 10 er sjóði vegna hnattvæðingarverkefni dreift á þau verkefni sem hafa fengið fjármagn úr sjóðnum. Vegna þess að verkefnin voru samþykkt eftir að fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 var samþykkt var ekki unnt að gera grein fyrir þeim í fjárhagsáætlun.



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
MENNINGARMÁL SAMTALS (MR-KULTUR)		166.751	163.484
	<i>Almennt framlag til menningarmála</i>	49.471	49.379
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	9.873	10.814
1-2204-1	Norrænn menningarvettvangur	1.598	1.587
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	34.037	33.044
1-2206-2	Verðlaun Norðurlandaráðs	2.334	2.317
1-2207-1	Hnattvæðingarverkefni menningarmálaráðherranna	1.629	1.617
	<i>Börn og unglingar</i>	5.977	5.934
	<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	5.977	5.934
1-2212-2	Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	5.977	5.934
	<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>	42.887	42.263
	<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	39.988	39.376
1-2221-2	Norræna tölvuleikjaverkefnið	11.332	11.250
1-2222-2	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	26.074	25.563
1-2223-2	Endurmenntun norrænna blaðamanna	2.582	2.563
	<i>Stofnanir</i>	2.899	2.887
1-2228-3	Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.899	2.887
	<i>Listasvið</i>	64.899	62.417
	<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	31.056	28.816
1-2251-2	Lista- og menningarverkefnið	16.625	14.491
1-2253-2	Norrænir þýðingastyrkir	2.869	2.848
1-2254-2	Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði	11.562	11.477
	<i>Stofnanir</i>	5.241	5.184
1-2259-3	„Kulturkontakt Nord“	5.241	5.184
	<i>Norræn menningarhús (stofnanir)</i>	28.602	28.417
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	0	0
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	13.224	13.166
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.843	2.812
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.171	6.144
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	6.364	6.295
	<i>Annað menningarsamstarf</i>	3.517	3.491
	<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	3.517	3.491
1-2234-4	Samískt samstarf	3.517	3.491



Þús. DKK

	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
SJÁVARÚTVEGUR, LANDBÚNAÐUR OG SKÓGRÆKT OG MATVÆLI SAMTALS (MR-FJLS)	36.733	35.335
<i>Verkefni</i>	<i>3.186</i>	<i>3.155</i>
3-6420-2 Ný norræn matvæli	3.186	3.155
<i>Sjávarútvegur</i>	<i>6.022</i>	<i>5.964</i>
3-6610-1 Verkefni – Sjávarútvegur	6.022	5.964
<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	<i>21.793</i>	<i>20.539</i>
Verkefni – Landbúnaður	1.554	1.655
3-6510-1 Verkefni – Landbúnaður	759	981
3-6520-2 Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKI)	795	674
<i>Stofnanir – Landbúnaður</i>	<i>14.140</i>	<i>12.831</i>
3-6585-3 Norræna erfðalindasetrið (NordGen)	14.140	12.831
<i>Verkefni – Skógrækt</i>	<i>6.099</i>	<i>6.053</i>
3-6310-1 Verkefni – Skógrækt	782	881
3-6581-2 Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.317	5.172
<i>Matvæli</i>	<i>5.732</i>	<i>5.677</i>
3-6810-1 Verkefni – Matvæli	4.108	4.068
3-6820-1 Rannsóknir – Matvæli	1.093	1.083
3-6830-1 Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði	531	526



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
JAFNRÉTTISMÁL SAMTALS (MR-LIGESTILLING)		8.644	8.103
	<i>Verkefni</i>	3.592	3.557
1-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	3.592	3.557
	<i>Stofnanir</i>	5.052	4.546
1-4480-3	Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin (NIKK)	5.052	4.546



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
MENNTAMÁL OG RANNSÓKNIR SAMTALS (MR-U)		227.642	215.686
	<i>Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi</i>	3.528	4.510
2-2505-1	Framlag til sérstakra verkefna á sviði menntamála og vísinda	3.528	4.510
	<i>Stefnumörkun o.fl.</i>	16.746	15.566
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	1.622	1.606
2-2520-1	Ráðgjafahópur um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.154	1.142
2-2530-1	Ráðgjafahópur um æðri menntun (HÖGUT)	1.366	1.353
2-2544-1	Norrænt tungumálasamstarf	5.262	4.194
2-2553-1	Stefnumótun, þekkingarsamfélög og uppbygging upplýsingatækni	590	584
2-3127-2	Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu	6.752	6.687
	<i>Ferðastyrkir og tengslanet</i>	73.097	72.388
2-2513-2	Nordplus rammaáætlun	63.697	63.079
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.170	1.159
2-2543-2	Nordplus tungumál og menning	7.169	7.099
2-2545-2	Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis	1.061	1.051
	<i>Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)</i>	108.627	97.829
2-3100-3	Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)	107.643	96.854
2-3140-2	Norræna lífsiðfræðinefndin	984	975
	<i>Annað rannsóknarsamstarf</i>	25.644	25.393
2-3180-2	Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA)	10.528	10.426
2-3181-2	Norræna sjóréttarstofnunin (NIFS)	3.138	3.107
2-3182-2	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	4.974	4.925
2-3184-2	Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	5.083	5.033
2-3185-2	Norræna samíska stofnunin (NSI)	1.921	1.902



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁL SAMTALS (MR-S)		37.741	35.987
	<i>Verkefni</i>	18.908	18.897
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	5.554	5.805
4-4320-1	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.102	1.080
4-4340-1	Norræna heilbrigðistöfræðinefndin (Nomesko) og Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (Nososko)	1.849	1.813
4-4382-2	NIOM AS – Norræna tannlækningastofnunin	10.403	10.199
	<i>Stofnanir</i>	18.833	17.090
4-4380-3	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	18.833	17.090
4-4381-3	Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) ¹⁾	33.920	30.780

1) Er fjármagnaður beint af löndunum og er því ekki með í heildarupphæð.



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
ATVINNU-, ORKU- OG BYGGÐAMÁL SAMTALS (MR-NER)		116.272	107.306
	<i>Verkefni</i>	0	21.394
4-5150-1	Verkefni – Atvinnu-, orku- og byggðamál	0	21.394
	<i>Atvinnumál</i>	74.928	65.635
	<i>Verkefni – Atvinnumál</i>	2.040	0
4-5140-1	Verkefni – Atvinnumál	2.040	0
	<i>Stofnanir – Atvinnumál</i>	72.888	65.635
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe)	72.888	65.635
	<i>Orkumál</i>	9.717	4.931
4-5141-1	Verkefni – Orkumál	2.141	0
4-5142-2	Starfshópar – Orkumál	2.040	0
	<i>Stofnanir – Orkumál</i>	5.536	4.931
4-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	5.536	4.931
	<i>Byggðamál</i>	31.627	15.346
4-5143-1	Verkefni – Byggðamál	3.356	0
4-5145-2	Starfshópar – Byggðamál	1.530	0
4-5151-4	Norræna Atlantsnefndin – NORA	6.390	6.265
4-5160-2	Landamæranefndir	10.343	0
	<i>Stofnanir – Byggðamál</i>	10.008	9.081
4-6180-3	Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio)	10.008	9.081



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
UMHVERFISMÁL SAMTALS (MR-MILJØ)		43.797	43.372
3-3310-1	Ráðstöfunarfé – Umhverfismál	6.630	29.566
3-3311-2	Starfshópar – Umhverfismál	23.085	0
3-3320-2	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	11.547	11.321
3-6720-4	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.535	2.485



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
VINNUMARKAÐUR OG VINNUVERND SAMTALS (MR-A)		13.238	13.098
<i>Verkefni</i>		<i>9.951</i>	<i>10.120</i>
2-4110-1	Verkefni – Vinnumarkaðsmál	602	5.902
2-4111-2	Fastanefndir um vinnumarkaðsmál	5.222	0
2-4120-2	Nordjobb	2.760	2.733
2-4130-1	Upplýsingaverkefnið	1.367	1.485
<i>Stofnanir</i>		<i>3.287</i>	<i>2.978</i>
2-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuverndarsviði (NIVA)	3.287	2.978



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
EFNAHAGS- OG FJÁRMÁL SAMTALS (MR-FINANS)		1.790	1.773
4-5210-1	Verkefni – Efnahags- og fjármál	1.790	1.773



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
LÖGGJAFARMÁL SAMTALS (MR-LOV)		1.368	1.355
1-7110-1	Verkefni – Löggjafarmál	1.368	1.355



Þús. DKK		FJÁRHAGSÁÆTLUN 2011	FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010
SAMSTARF VIÐ GRANNSVÆÐIN SAMTALS		93.215	95.624
6-0820-2	Þekkingaruppbygging og tengslanet	26.753	27.154
6-0980-1	Samstarfsverkefni með öðrum alþjóðlegum stofnunum	6.208	6.687
6-0960-1	Friðs félagsamtök á Eystrasaltssvæðinu	5.714	5.302
6-5280-3	Norræni verkefnaúflutningssjóðurinn (NOPEF)	15.354	18.758
6-0970-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi	9.865	9.969
6-0810-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	11.095	10.910
6-0910-1	Pólítísk forgangsmál	1.122	1.220
6-0870-1	Samstarf á Norðurskautssvæðum	9.545	9.508
6-0950-2	Evrópski hugvísindaháskólinn (European Humanities University, EHU)	4.695	3.305
6-0800-1	Samstarf við Eistland, Lettland og Litháen og samstarf við Norðvestur-Rússland	204	203
6-0990-1	Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri	2.660	2.608



Þús. DKK	FJÁRHAGSÁÆTLUN	
	2011	2010
SAMSTARFSRÁÐHERRAR SAMTALS	115.105	111.001
<i>Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)</i>	<i>77.119</i>	<i>73.632</i>
5-0180-3 Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	77.119	73.632
<i>Önnur samnorræn starfsemi</i>	<i>37.986</i>	<i>37.369</i>
5-0410-4 Samband Norrænu félaganna	3.193	3.134
5-0425-4 Framlag til Vestur-Norðurlanda	918	996
5-0435-1 Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	408	401
5-0445-1 Formennskusjóður	6.426	5.801
5-0460-1 Sjálfbær Norðurlönd	2.693	2.640
5-1011-1 Upplýsingastarfsemi	10.088	9.890
5-1021-1 Alþjóðleg starfsemi	714	701
5-1030-2 Halló Norðurlönd	5.284	0
5-1035-1 Stjórnsýsluhindranir	3.672	6.484
5-1050-2 Starfsmannaskipti	1.530	0
5-0500-2 Sérstakt framlag Norrænu ráðherranefndarinnar til Íslands	3.060	7.322

Fylgiskjal 3: Gengi gjaldmiðla og verðbólgustig 2011



GENGI GJALDMIÐLA OG VERÐBÓLGUSTIG		
100 EUR	=	744 DKK
100 ISK	=	4,4 DKK
100 NOK	=	92 DKK
100 SEK	=	76 DKK
Danmörk		1,7 %
Finnland		2,5 %
Ísland		3,5 %
Noregur		2,5 %
Svíþjóð		1,5 %
Reikningsstuðull vegna verkefna er 2,0 %.		



norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn K
www.norden.org

ANP 2010:799
ISBN 978-92-893-2187-7